



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga um hækkun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar

Á fundi velferðarráðs 4. desember sl. var lögð fram tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs um hækkun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar. Fjárhæð fjárhagsaðstoðar hækkar um 3,2% í samræmi við forsendur við úthlutun fjárhagsramma velferðarsviðs fyrir árið 2020. Tillagan var samþykkt með 5 atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Vinstri grænna, Pírata og Sjálfstæðisflokksins. Fulltrúar Sósíalístaflakks Íslands og Flakks fólksins sátu hjá. Tillagan er hér með send borgarráði til afgreiðslu.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu framangreindra reglna í B-deild Stjórnartíðinda. Reglurnar, sem eru meðfylgjandi, hafa verið uppfærðar í samræmi við samþykkt velferðarráðs og taka gildi 1. janúar 2020.

Virðingarfyllst

Dís Sigurgeirsdóttir

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs um hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar, dags. 4. desember 2019
Bókanir fulltrúa velferðarráðs á fundi 4. desember 2019



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Tillaga:

Lagt er til að grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu hækki sem hér segir:

- Grunnfjárhæð fyrir einstakling sem rekur eigið heimili hækkar úr 201.268 kr. í **207.709 kr.** á mánuði.
- Grunnfjárhæð til hjóna/sambúðarfólks hækkar úr 322.028 kr. í **332.334 kr.** á mánuði.
- Grunnfjárhæð til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði hækkar úr 169.579 kr. í **175.006 kr.** á mánuði.
- Grunnfjárhæð til þeirra sem búa í foreldrahúsum hækkar úr 100.634 kr. í **103.854 kr.** á mánuði.
- Fjárhæð vegna barna í 16 gr. a hækki úr 16.154 kr. í **16.671 kr.** á mánuði.

Breyting þessi taki gildi frá og með 1. janúar 2020. Um er að ræða eftirfarandi breytingar á 11. gr. og 16. gr. a reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Breytingar eru með rauðu lettri:

11. gr.

Grunnfjárhæð

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að **207.709 kr.** ~~201.268 kr.~~ á mánuði.

Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning um húsnæðið.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að **332.334 kr.** ~~(207.709 x 1,6) 322.028 kr.~~

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er **175.006 kr.** ~~169.579 kr.~~

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum er **103.854 kr.** ~~(207.709:2) 100.634 kr. (201.268:2).~~ Hafi einstaklingur, sem fellur undir framangreint forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð grunnfjárhæð sem nemur **175.006 kr.** ~~169.579 kr.~~ á mánuði.

Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði sé mætt með greiðslu vaxtabóta, húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárþörf.

Unglingar yngri en 18 ára eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

Fjárhæðir verða endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

16. gr.a

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra í þeim mánuði sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum.

Um er að ræða börn sem eiga lögheimili hjá viðkomandi foreldri.

Um er að ræða aðstoð til að greiða áfallandi greiðslur fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki **16.671 kr.** ~~16.154 kr.~~ á mánuði.

Skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt þessum lið er að umsækjandi nýti sér fyrst rétt sinn samkvæmt frístundakorti og þjónustutryggingu leikskóla.

Jafnframt er heimilt að veita sérstaka aðstoð vegna skólabyrjunar þann 15. ágúst og sérstaka aðstoð vegna jólahalds þann 1. desember á ári hverju. Um er að ræða **16.671 kr.** ~~16.154 kr.~~ fyrir hvert barn í hvort skipti. Heimildin nær til þeirra foreldra sem fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í ágúst og desember ár hvert.

Leitast ber við að kanna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn um aðstoð vegna barna.

Greinargerð:

Í ákvæðum 9. mgr. 11. gr. reglna um fjárhagsaðstoð kemur fram að fjárhæðir greiðslna vegna fjárhagsaðstoðar til framfærslu verði endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Lagt er til að fjárhæðir fjárhagsaðstoðar hækki um 3,2% í samræmi við forsendur við úthlutun fjárhagsramma velferðarsviðs fyrir árið 2020.

Fjárheimild til fjárhagsaðstoðar hækkar um 455 m.kr. milli ára sem skýrist hvort tveggja af verðbótum og hækkun á fjölda samkvæmt mati skrifstofu fjármála og rekstrar fyrir árið 2020.

Velferðarráðsfundur - 4. desember 2019

8. Lögð fram tillaga sviðstjóra velferðarsviðs um hækkun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar (árlegt).
Samþykkt með 5 atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Vinstri Grænna, Pírata og Sjálfstæðisflokksins. Fulltrúar Sósíalistasflokks Íslands og Flokks fólksins sitja hjá.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða árlega hækkun, sem byggist á úthlutun fjárhagsramma til sviðsins. Nauðsynlegt er að skoða árlega upphæðir með tilliti til breytinga á verðlagi og aðstæðum, og þess svigrúms sem sviðið hefur yfir að ráða.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að leggja til hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar til framfærslu. Það er mat fulltrúa Flokks fólksins að þessar hækkanir séu allt of litlar. Hér hefði verið nauðsynlegt að gera betur. Allir vita að enginn lifir sómasamlegu lífi á þessum fjárhæðum. Hækkanir eru frá örfáum hundrað krónum í mest um 10.000 krónur. Það segir sig sjálf að þetta eru engar hækkanir að heitið geti enda þótt muni vissulega um hverjar þúsundkrónurnar hjá fólki sem býr við slæman efnahag og fátækt. Hækkanir eru eftirfarandi: Að grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu hækkar úr 201.268 kr. í 207.709 kr. á mánuði. – Grunnfjárhæð til hjóna/sambúðarfólks hækkar úr 322.028 kr. í 332.334 kr. á mánuði. – Grunnfjárhæð til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði hækkar úr 169.579 kr. í 175.006 kr. á mánuði. - Grunnfjárhæð til þeirra sem búa í foreldrahúsum hækkar úr 100.634 kr. í 103.854 kr. á mánuði. - Fjárhæð vegna barna í 16 gr. a hækkar úr 16.154 kr. í 16.671 kr. á mánuði.

Fulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjárhagsaðstoð til framfærslu er veitt þeim sem ekki geta séð sér farborða án aðstoðar. Eftir umræddar breytingar nemur grunnupphæð fjárhagsaðstoðarinnar allt að 207.709 kr. á mánuði fyrir einstakling sem rekur eigið heimili en grunnupphæðin er breytileg eftir húsnæðisaðstæðum viðkomandi og sambúðarstöðu. Lágur upphæðir fjárhagsaðstoðar eru ekki til þess fallnar að bæta viðkvæma stöðu þeirra sem framfleyta sér á henni. Það er mikilvægt að fjárhagsaðstoð hækki svo hún verði álíka lágmarkslaunum og að enginn í samfélaginu sé með minna en lágmarkslaun. Þeir sem burfa að lifa á fjárhagsaðstoð gera slíkt ekki nema að börf sé á og ætti upphæðin að duga fyrir helstu nauðsynjum út mánuðinn en erfitt er að sjá fyrir sér hvernig ætlast sé til þess að einstaklingur og fjölskyldur geti lifað sómasamlega á umræddri upphæð. Gert er ráð fyrir að vaxtabætur, húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur hjálpi til við að greiða húsnæðiskostnað en það er stuðningur sem einstaklingar á lágmarkslaunum fá einnig en slíkt dugur samt sem áður oft ekki til að láta enda ná saman.